

Fréttatilkynning til Kauphallar Íslands:

Árshlutareikningur RARIK fyrstu sex mánuði ársins 2019

Hagnaður af starfsemi RARIK nam 1.243 milljónum króna á fyrri helmingi ársins.

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á fyrri hluta ársins 2019 var 1.616 milljónir króna. Rekstrartekjur stóðu nánast í stað miðað fyrra ár, og rekstrargjöld með afskriftum hækkðu lítillega eða um tæp 2%. Rekstrargjöld voru í samræmi við áætlanir, en rekstrartekjur heldur minni.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 735 milljónir króna á tímabilinu, samanborið við 447 milljónir króna fyrri hluta ársins 2018. Hækkunin er aðallega vegna gengisbreytinga.

Áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets voru jákvæð um 538 milljónir króna, samanborið við 373 milljónir króna á fyrri hluta síðasta árs.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður á tímabilinu 1.243 milljónir króna.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 2.715 milljónir króna eða 32,5% af veltu tímabilsins, samanborið við 31.8% af veltu á sama tímabili árið áður. Hreint veltufé frá rekstri fyrir vexti og skatta var 2.641 milljónir króna samanborið við 2.696 milljón króna á sama tímabili árið 2018.

Heildareignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2019 námu 67.530 milljónum króna og heildarskuldir námu 24.798 milljónum króna. Eigið fé nam 42.732 milljónum króna og eiginfjárlutfall var 63% samanborið við 62% í ársbyrjun.

Fjárfestingar ársins eru áætlaðar um 7.500 milljónir sem er talsvert meira en undanfarin ár.

Horfur í rekstri RARIK á árinu 2019 eru góðar. Gert er ráð fyrir að afkoma fyrir fjármagnsliði á seinni hluta ársins verði í samræmi við áætlanir. Miðað við gengisþróun undanfarna mánuði og verðbólguþátt næstu mánaða er áætlað að heildarafkoma fyrirtækisins verði sambærileg á seinni árhelmingi og því jákvæð á árinu 2019.

Árshlutareikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Áhrif breytinga á reikningsskilaaðferðum frá fyrra ári, vegna innleiðingar IFRS 16 Leigusamningar, voru óveruleg á heildarafkomu, en höfðu um 65 milljóna kr. áhrif á EBITDA til hækkunar.

Helstu stærðir samstæðureiknings eru sýndar í meðfylgjandi viðhengi.

Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, allar fjárhæðir í milljónum króna.

	jan-jún 2019	jan-jún 2018	jan-jún 2017	jan-jún 2016	jan-jún 2015	jan-jún 2014	jan-jún 2013
Rekstartekjur	8.365	8.354	7.182	7.399	6.633	6.428	5.783
Rekstrargjöld	6.749	6.643	6.115	5.757	5.370	4.770	4.576
Rekstrarhagnaður	1.616	1.711	1.067	1.642	1.263	1.658	1.207
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-735	-447	-252	-446	-548	-424	-425
Áhrif hlutdeildarfélags	538	373	257	-75	354	277	335
Hagnaður/tap fyrir skatta	1.419	1.637	1.072	1.121	1.070	1.512	1.117
Tekjuskattur	-176	-253	-163	-239	-143	-247	-156
Hagnaður (Tap)	1.243	1.384	909	882	927	1.265	961
Eignir samtals	67.530	63.939	57.010	60.946	48.838	46.964	45.846
Eigið fé	42.732	38.961	36.077	35.661	30.112	28.098	26.158
Skuldir	24.798	24.978	20.933	25.285	18.727	18.866	19.688
Handbært fé frá rekstri	1.790	1.559	1.627	1.744	1.362	1.341	1.214
Greidd vaxtagjöld	366	301	317	315	352	357	361
EBITDA	2.715	2.659	1.975	2.500	2.071	2.455	2.006
Vaxtaþekja	7,42	8,83	6,23	7,94	5,88	6,88	5,56
Eiginfjárlutfall	63,3%	60,9%	63,3%	58,5%	61,7%	59,8%	57,1%

Árshlutareikningur RARIK fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 var samþykktur á fundi stjórnar þann 30. ágúst 2019.

Nánari upplýsingar veitir Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK í síma 528-9000.